

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Langanesbyggð.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í þéttbýli í Langanesbyggð, sbr. 19. gr. samþykktar nr. 181/2011 skal vera kr. 12.704. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í þéttbýli í Langanesbyggð, sbr. 19. gr. samþykktar nr. 181/2011 skal vera kr. 9.881. Innifalið í leyfisgjaldi er kattahreinsunargjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Langanesbyggð þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflifun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða gjald fyrir handsömun skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Langanesbyggð.

Fyrir fyrsta skipti	kr.	21.174
Fyrir annað skipti	kr.	28.231
Fyrir þriðja skipti	kr.	35.290

Að auki skal greiða kr. 4.232 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili. Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

5. gr.

Með vísan til 15. gr. í samþykkt um hunda- og kattahald nr. 181/2011 greiða eigendur hunda og katta á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti nr. 941/2002. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hunda- og kattahald í Langanesbyggð nr. 181/2011 og samkvæmt 57. og 58. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá nr. 1517/2022.

Samþykkt í sveitarstjórn, 14. desember 2023.

Björn S. Lárusson sveitarstjóri.